

Haraldur Birgir Haraldsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra  
Laufskálar 2  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. apríl 2013  
Tilvísun: UST20130100048/ksj

### **Tillaga að deiliskipulagi. Spilda, Minni Vellir Rangárþingi Ytra.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á spildu úr landi Minni Valla í Rangárþingi Ytra.

Ofangreind tillaga að deiliskipulagi nær yfir lóð úr jörðinni Minni Vellir og er 10 ha spilda. Engar byggingar eru fyrir á lóðinni. Áætlað er að reisa allt að 100 m<sup>2</sup> sumarhús og auk þess allt að 20 m<sup>2</sup> gestahús.

### **Umhverfisáhrif**


Umhverfisstofnun tekur undir að deiliskipulagstillagan hefur neikvæð umhverfisáhrif á náttúrufar þar sem áætlað er að byggja á áður óröskuðu svæði. Einnig bendir stofnunin á að sjónræn áhrif verða þar sem landið er fremur flatt og frístundahús og gestahús munu standa stök og sjást langt að. Umhverfisstofnun bendir á að við hönnun húsa verði haft að markmiði að þau falli vel inn í umhverfið bæði að formi og litavali.


### **Landskipulagsstefna**

Umhverfisstofnun vill benda á að í Landsskipulagsstefnu 2013 – 2024 er fjallað um landbúnaðarlandslag sem ákveðið menningarlandslag og þar kemur eftirfarandi fram: „Stefna um að halda við bújörðum og draga úr byggingu stakra íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á menningarlandslag.“

Einnig kemur fram í ofangreindri landslagsstefnu: „Að frístundabyggð verði á afmörkuðum svæðum, falli vel að landslagi og taki mið af verndargildi svæðisins. Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga verði fyrst og fremst gert ráð fyrir frístundahúsum í samfelldum hverfum.“ Að mati Umhverfisstofnunar fellur ofangreind deiliskipulagstillaga ekki að Landslagsstefnu 2013 – 2024.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

